

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

Fundargerð

15. fundur Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra, haldinn þriðjudaginn 19.sept. 2017, kl. 10:00, að Einbúastíg 2 á Skagaströnd.

Mætt til fundar: Lárus Ægir Guðmundsson, formaður, Ingileif Oddsdóttir, Jóhanna Magnúsdóttir, Viggó Jónsson og Leó Örn Þorleifsson. Einnig sátu fundinn Björn Líndal Traustason, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Ingibergur Guðmundsson starfsmenn SSNV. Formaður nefndarinnar stýrði fundi.

Fyrir var tekið:

1. Niðurstöður könnunar meðal styrkhafa 2017.

Fyrri hluta sumars var send út könnun til styrkhafa um þjónustu, upplýsingagjöf og fleira eftir að styrkhafar fengu jákvætt svar við umsókn sinni. Sveinbjörg Rut Pétursdóttir kynnti niðurstöður könnunarinnar sem voru mjög jákvæðar.

2. Drög að verklags- og úthlutunarreglum fyrir árið 2018.

Fyrir fundinum lágu drög að Verklags- og úthlutunarreglum fyrir árið 2018. Farið var ítarlega yfir drögin en þau svo samþykkt með áorðnum breytingum nefndarmanna. Sá fyrirvari er þó gerður að rafræn útgáfa umsóknareyðublaðsins verði tilbúin áður en auglýst verður eftir umsóknum.

Reglurnar þurfa staðfestingu stjórnar SSNV og Stýrihóps Stjórnarráðsins áður en þær taka gildi.

3. Drög að matsblaði umsókna fyrir árið 2018.

Fyrir fundinum lágu drög að matsblaði vegna umsókna um styrk 2018. Drögin voru samþykkt óbreytt.

4. Samþykkt stjórnar SSNV 22. ágúst 2017.

Björn Líndal Traustason, framkvæmdastjóri SSNV, kynnti samþykkt stjórnarinnar, 22. ágúst sl., um meðferð mála hjá Uppbyggingarsjóði, svohljóðandi:

Meðferð mála hjá Uppbyggingarsjóði

Í einstaka tilfellum sinna styrkþegar ekki skyldum sínum samkvæmt samningum um styrki uppbyggingarsjóðs. Úrræði sjóðsins eru að afturkalla styrk og krefja styrkþega endurgreiðslu þeirrar upphæðar sem greidd hefur verið út. Framkvæmdastjóri lagði fram uppkast að bréfi vegna afturköllunar á styrk og kröfu um endurgreiðslu. Stjórn samþykkir að afturköllun styrkja og krafa um endurgreiðslu greiddra styrkja sé óhákvæmileg sinni styrkþegar ekki skyldum sínum samkvæmt gerðum samningum og samþykkir uppkast að bréfi þess efnis sbr. fundargögn.

5. Tímasetningar umsóknar- og úthlutunarferils vegna styrkveitinga 2018.

Samþykkt var að miða við eftirfarandi dagsetningar:

- 25. október 2017 - auglýst eftir umsóknum
- 30. nóvember 2017 - umsóknarfrestur rennur út
- lok janúar 2018 - svarbréf send til umsækjenda

6. Önnur mál.

Lárus greindi frá vanskilum á verkefnum 16007 og 16033. Samþykkt að formaður sendi lokaviðvörðun til umsækjanda í ábyrgðarpósti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:55.